



Grenivíkurskóli auglýsir eftir íþróttakennara í tímabundið starf

Laus er til umsóknar 80-100% staða íþróttakennara við Grenivíkurskóla. Við leitum að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á að starfa með börnum og unglingum. Aðalkennslugreinar eru íþróttir og sund en einnig aðrar greinar eftir samkomulagi. **Um er að ræða tímabundna stöðu frá 1. ágúst 2021 til 31. mars 2022.**

Hæfniskröfur

- ◆ Leyfisbréf til kennslu í grunnskóla (leyfisbréf skal fylgja umsókn). Nám í íþróttfræði eða reynsla af íþróttakennslu er kostur.
- ◆ Brennandi áhugi á kennslu og vinnu með börnum og unglingum.
- ◆ Faglegur metnaður.
- ◆ Jákvæðni og frumkvæði ásamt lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- ◆ Góðir skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð.
- ◆ Reglusemi og samvisekusemi, gleði og umhyggja.
- ◆ Hreint sakavottorð.

Í Grenivíkurskóla eru rúmlega 50 nemendur í 1. – 10. bekk. Í skólanum er góður starfsandi þar sem leitast er við að haga skólastarfinu í sem fyllsta samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Meðal þess sem við leggjum ríka áherslu á er jákvæður skólabragur, góður starfsandi, lýðheilsa og umhverfismennt. Nánari upplýsingar um skólann má finna á www.grenivikurskoli.is

Grýtubakkahreppur er fallett og snyrtilegt 370 manna sveitarfélag við austanverðan Eyjafjörð, í um 30 mínútna akstursfjarlægð frá Akureyri. Þar er góð þjónusta og gott félags- og íþróttastarf. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu hreppsins, www.grenivik.is

Umsóknarfrestur er til og með 21. apríl 2021. Senda skal umsókn og ferilskrá á netfangið thorgeir@grenivikurskoli.is og verður móttaka umsókna staðfest.

Nánari upplýsingar gefur Þorgeir Rúnar Finnsson skólastjóri í síma 414-5410 eða í tölvupósti thorgeir@grenivikurskoli.is